

Dags. 12.6.2007

15. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar haldinn 12. júní 2007

Mætt voru: Hómfriður Eiríksdóttir, Jón Þ Óskarsson, Hlöðver P Hlöðversson, Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson og Arnór Benónýsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl.13:30 og óskaði eftir að taka á dagskrá sem lið 5 jafnréttisáætlun sveitarfélagsins og önnur mál þá sem lið 6 var það samþykkt.

1. **Erindi frá sveitarfélaginu Norðurþingi um sérstakar húsaleigubætur.**

Formaður kynnti bréf frá Lindu Skúladóttur félagsmálastjóra Norðurþings sem fjallar um reglur fyrir sérstakar húsaleigubætur til þeirra sem einhverra hluta vegna geta ekki framfleitt sér. Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að hún taki upp sambærilegar reglur og sveitarfélagögin í nágrenninu. Nefndin leggur til að þær tilögur sem fram koma í bréfi Lindu verði hafðar að leiðarljósi í þeirri vinnu.

2. **Bréf frá stjórn félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.**

Nefndin samþykkir að haft verði samráð við Félag eldri borgara áður en vetrarstarf eldri borgara í sveitarfélaginu verður skipulagt.

3. **Bókasöfnin**

Jón Óskarsson gerði grein fyrir viðræðum sínum við Ólaf Arngrímsson um málefni bókasafns Stóru Tjarnaskóla og hugsanlega samvinnu þess og almenningsbókasafna í nágrenninu. Niðurstaða þeirra viðræðna var að aðstaða skólasafnsins væri með þeim hætti að ekki væri svigrúm til að taka upp samvinnu við önnur söfn. Nefndin leggur til að fenginn verði fagaðili til viðræðna um framhald málsins.

4. **Umsóknir um styrki**

Nefndin samþykkir að auglýsa eftir styrkumsóknum í íþróttáæskulýðs og menningarmálum fyrir árið 2007 umsóknarfrestur renni út 1.október. Nefndin er sammála um þá grundvallarreglu að styrkir í íþróttá- og æskulýðsmálum renni til félaga eða stofana. Styrkir í menningarmálum geta runnið hvort heldur sem er til einstaklinga félaga eða stofana.

5. **Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins**

Félagsmálanefnd minnir sveitarstjórna á að samkvæmt 10 gr. laga um jafna stöðu og jafan rétt kvenna og karla ber að gera jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið. Nefndin bendir á að nauðsynlegt sé að ætla fjármagn til þessarar vinnu.

6. **Önnur mál**

Nefndin samþykkti að næsti fundur verði á þriðjudaginn eftir verslunarmannahelgi.

Fundi slitið kl: 16:10